



Til ömmu, mömmu og Jodi
þriggja heillandi kvenna sem elskuðu Dewey
nánast jafn mikið og ég.





Kynning —

Velkomin til Iowa

Fyrrir miðjum Bandaríkjunum, milli Mississippi-árinnar að austan og eyðimerkurinnar að vestan, teygir sig rúmlega eitt þúsund og sex hundruð kílómetra löng sléttlendisspilda. Hér eru ávalar hæðir en engin fjöll. Ár og lækjarsprænur en lítið um stór vötn. Í tímans rás hefur vindurinn feykt jarðveginum ofan af undirliggjandi bergi, umbreytt því í ryk, síðan aur, jarðveg og að lokum gjöfula gróðurmold. Hér út frá eru vegirnir beinir og mynda langar, óbrotnar línur í áttina að sjóndeildarhringnum. Engar krappar beygjur, aðeins stakar, nánast ósýnilegar bugður. Þetta land var mælt og kortlagt með landbúnaði í huga; bugðurnar eru minniháttar leiðréttingar á línunum mælingamannanna. Með rúmlega eins og hálfu kílómetra millibili sker hver vegur annan veg, sem sömu-leiðis er hér um bil fullkomlega beinn. Saman mynda vegir sléttunnar milljón fermílustóra ræktunarfleti, grundvöllinn að einu mikilvægasta landbúnaðarsvæði heims. Sléttunni miklu. Brauðkörfunni. Kjarnanum, hjartanu. Eða, eins og margir hugsa, sléttunni sem maður flýgur yfir á leið eitthvað annað. Leyfum þeim að



eiga höfin og fjöllin, strendurnar og skíðasvæðin. Ég kys heldur Iowa.

Yfir veturinn umlykur himinninn bóndabæina í Norðvestur-Iowa og á köldum dögum er engu líkara en myrk skýin ryðjist yfir sléttuna eins og plógur yfir land. Á vorin er heimurinn flatneskjulegur og gróðurlaus, fullur af brúnleitum óhreinindum og afsneiddum maísstönglum sem bíða þess að blandast moldinni um leið og plógurinn ristir jörðina. Innbyrðis jafnvægi himins og jarðar er fullkomið. En eigi maður leið um síðla sumars þá er engu líkara en jörðin hafi vaxið alla leið upp í himininn og sé um það bil að kollvarpa honum. Maíspönturnar eru tæplega þriggja metra háar, með skærgræn laufblöð og gullna, glitrandi maískólfa. Oftast nær er maður umkringdur, týndur milli hárra, þéttra kornveggja. En komist maður upp á litla hæð, þótt ekki sé nema nokkurra metra háa, þá blasa við manni endalausir akrar, græn blöð, gylltir kólfar og silkiþræðir sem glitrar á í sólskininu. Þræðirnir eru kynfæri maíspöntunnar og grípa til sín gullin frjókorn sem fljúga um í mánuð eða svo, áður en þau smám saman þorna upp, skorpna og taka á sig brúnan lit í brakandi sumarhitunum.

Það er þetta sem ég elska við Norðvestur-Iowa: sleitulaus breytileiki þess. Ekki á sama hátt og úthverfi borga breytast; þegar ein veitingahúsakeðja tekur við af annarri, eða stórborgir; þegar sífellt bætast við fleiri háhýsi, heldur á þann hátt sem náttúran breytist; fram og aftur í hægri, þýðri hreyfingu, sem ávallt stefnir fram á við, en aldrei mjög geyst. Hér standa hvorki mörg fyrirtæki né verslanir við vegina. Engar byggingavörubúðir eða bændamarkaðir. Það eru bóndabæirnir, sem þó fer fækkandi með hverju árinu, sem umlykja vegina örmum sínum. En síðan skýtur skyndilega upp þéttbýliskjarna með skilti sem á stendur EÐALSTEINNINN Í KÓRÓNU IOWA eða GULLSYLGJA KORNBELTISINS. Áður en maður veit hins vegar af er bæði skiltið og bærinn horfið. Tvær mínútur og allt er á bak og burt. Kornvöruverksmiðja eða geymsla, ef til vill

jafnvel verslunargata með matvælaverslun og veitingahúsi. Með sextán kílómetra millibili, eða svo, stendur síðan lágur steingarður við þjóðveginn með litla, látlausa legsteina innan veggja sinna. Þetta eru grafreitir landnemanna sem því næst urðu að fjölskyldugrafreitum og loks kirkjugörðum nærliggjandi bæja. Enginn kærir sig um að láta jarða sig langt frá heimahögunum og enginn vill sóa landi að óþörfu. Fólk notast við það sem það hefur. Lætur einfaldleikann vera í fyrirrúmi. Og heldur sig við heimkynni sín.

En þar næst, einmitt þegar maður er um það bil að hverfa á vit vellíðanar og öryggis, eins og kornröð sem vex í ávöllum hlíðum sléttunnar, breikkar vegurinn og leiðin liggur fram hjá fáeinum fyrirtækjum: Húsgagnaverslun Matts, Iron Horse hótelinu, Prime Rib veitingahúsinu, en líka Wal-Mart, McDonald's og Motel 6. Beygi maður til norðurs við umferðarljósín, og um leið fyrstu gatnamótin síðustu áttatíu kílómetrana sama úr hvaða átt er komið, svo ekki sé minnst á umferðarljósín sjálf, þá hefur maður augnabliki síðar sagt skilið við akrana og keyrir nú yfir lágresta brú, sem liggur yfir Little Sioux ána, og beint inn í miðbæ Spencer, Iowa. Bæ sem ekki hefur breyst neitt að ráði síðan árið 1931.

Miðbærinn í Spencer er í algjöru samræmi við dæmigerða ímynd hins bandaríska smábæjar: samliggjandi raðir tveggja til þriggja hæða verslana þangað sem fólk kemur á bilunum sínum, leggur þeim við gangstéttarbrúnina, stígur út og sinnir erindum sínum. White Drug lyfjaverslunin, Herrafataverslun Eddie Quinn og Húsgagnaverslunin Steffen hafa allar verið starfræktar þar áratugum saman. The Hen House selur bóndakonum og einstaka ferðamanni, á leið til Iowa Lake Country þrjátíu kílómetrum norðar ýmiss konar skrautmuni. Í miðbænum er líka kortaverslun, búð sem leigir út súr-efnistanka og hjólastóla, ryksuguverslun, listagallerí og tólmstundaverslun þar sem áhersla er lögð á flugmódel. Gamla kvikmyndahúsið er sömuleiðis enn við lýði, þó að þar séu aðeins sýndar eldri bíó-

myndir eftir að sjösala Cineplex-kvikmyndahús var opnað sunnan við brúna.

Miðbæjarmörkin liggja við Hóтелиð, átta þvergötum frá Little Sioux brúnni. Hóтелиð. Svo hljóðar nafnið á því. Seint á þriðja áratugnum gekk það undir nafninu Tagney og var þá besti gististaður bæjarins, aðalstoppistöð rútbíla, lestarstoppistöð og eina veitingahús bæjarins þar sem hægt var að setjast niður á meðan borðað var. Í lok kreppunnar miklu hafði hóтелиð breyst í lélegt gistihús og, að því er sagt var, vændishús. Þessi látlausa, fimm hæða, endingargóða rauða múrsteinsbygging stóð að lokum auð en var síðan loks gerð upp á áttunda áratugnum. Þá hafði hringiða miðbæjarlífsins hins vegar færst fimm þvergötum neðar þar sem Sister's Main Street Café stóð; látlaus kaffistofa með Formica-plastborðum, gamaldags uppáhelltu kaffi og reykmettuðum básum. Á hverjum morgni hittust á Sister's Café þrír hópar karlmannna: gömlu karlarnir, enn eldri karlarnir og eldgömlu karlarnir. Í sameiningu höfðu þeir haldið um stjórnartaumana í Spencer síðastliðin sextú ár.

Í næsta nágrenni við Sister's Café, rétt hjá Grand Avenue og beint á móti litlu bílastæði, stendur einnar hæðar, grá, steinsteipt bygging: Þetta er Almenningsbókasafnið í Spencer. Ég heiti Vicki Myron og hef unnið á þessu bókasafni í tuttugu og fimm ár, þar af síðastliðin tuttugu sem forstöðumaður. Ég hafði umsjón með komu fyrstu tölvunnar á safnið og auk þess byggingu viðbótarlestrarherbergis. Ég hef fylgst með börnum bæjarins stækka, fullorðnast og fara, en koma síðan aftur, tíu árum seinna, með sín eigin börn. Spencer-bókasafnið lætur kannski ekki mikið yfir sér, við fyrstu sýn að minnsta kosti, en engu að síður er safnið upphaf, miðpunktur og hjarta þessarar persónulegu sögu minnar. Allt sem ég ætla að segja frá varðandi Spencer – bóndabæina í nágrenninu, vötnin, kaþólsku kirkjuna í Hartley, Moneta-skólann, kassaverksmiðjuna og gamla yndislega Parísarhjólíð í Arnold-almenningsgarðinum – allt tengist



Það að lokum þessari litlu gráu byggingu og kettinum sem þar lifði og bjó í meira en níttján ár.

Hversu mikil áhrif getur eitt dýr haft? Líf hversu margra einstaklinga getur ein kislóra snortið? Hvernig getur yfirgef-inn köttur umbreytt litlu bókasafni í heila miðstöð, laðað að fólk og ferðamenn, fyllt dæmigerðan bandarískan smábæ hugmóði, skapað tengsl milli fólks í heilu héraði og orðið að lokum heimsfrægur? Þessum spurningum er ekki einu sinni hægt að reyna að svara nema lesa fyrst söguna af Dewey Readmore Books, Dewey Lestrarketti, hinum heittelskaða bókasafnsketti í Spencer, Iowa.





1. kafli —

Kaldasti morgunninn

Mánudagurinn 18. janúar 1988 var ískaldur vetrardagur í Iowa. Kvöldið áður hafði frostið farið niður í fimmtán gráður og þar við bättist vindurinn sem náði að smeygja sér undir yfirhafnir fólks og alla leið inn að beini. Kuldinn var nístandi og hver andardráttur næstum sársaukafullur. Ókosturinn við sléttlendi, eins og allir í Iowa vita, er að það er ekkert sem heldur aftur af veðrinu. Það berst frá landamærum Kanada, yfir Norður- og Suður-Dakota og beina leið inn í bæinn okkar. Fyrstu brúna sem byggð var yfir Little Sioux, seint á nítjándu öld, þurfti að taka niður vegna þess að áin fylltist af ís og bæjarbúar óttuðust að brúarstólparnir myndu hreinlega brotna. Og þegar vatnsgeymir bæjarins brann árið 1893 – það kviknaði í hálm sem vafið hafði verið utan um stíggípuna til að koma í veg fyrir að hún frysí og allir nálægir brunahanar voru gegnfrosnir – þá braust út úr geimnum hringlaga ísklumpur, hálf metra þykkur og þrjú metrar að þvermáli, eyðilagði samkomuhús bæjarins og splundraðist að lokum yfir Grand Avenue. Þannig eru veturnir hér í Spencer.

Ég hef aldrei verið sérlegur morgunhani, síst af öllu á skýjuðum,





dimnum janúarmorgni, en ég hef alltaf verið samviskusöm. Þennan morgun var ég mætt til vinnu klukkan hálfátta og þó að fleiri bílar væru á ferðinni þá var bíllinn minn, að venju, sá fyrsti á bílastæðinu. Hinum megin götunnar stóð Almenningsbókasafnið í Spencer, án nokkurs lífsmarks – engin ljós, engin hreyfing, ekkert hljóð fyrr en ég smellti upp straumrofanum og vakti bygginguna til lífsins. Á safninu var ofn sem kviknaði sjálfkrafa á þegar leið á nóttina en engu að síður var byggingin enn þá ísköld í morgunsárið. Hverjum datt eiginlega í hug að reisa byggingu úr gleri og steinsteypu í norð-anverðu Iowa? Ég þurfti svo sannarlega á morgunkaffinu mínu að halda.

Ég gekk beinustu leið inn í starfsmannaherbergi safnsins – örlítinn eldhúskrók með örbylgjuofni, vaski, einum of sóðalegum ísskáp fyrir flestra smekk, nokkrum stólum og síma fyrir einkasímtöl – hengdi upp kápuna mína og kveikti á kaffivélinni. Að því loknu renndi ég í gegnum blaðið frá laugardeginum. Flest staðbundin umfjöllunarefni gátu haft áhrif á bókasafnið, eða öfugt; safnið gat haft áhrif á eða brugðist við þeim málefnum sem fjallað var um. Svæðisdagblaðið, *Spencer Daily Reporter*, kemur hvorki út á sunnudögum né mánudögum, og mánudagsmorgnar eru því kjörnir til þess að líta aftur yfir laugardagsútgáfuna.

„Góðan daginn, Vicki,“ sagði Jean Hollis Clark, aðstoðarforstöðumaður safnsins, um leið og hún fór úr vettlingunum og vafði utan af sér treflinum. „Það er ansi hreint kalt úti.“

„Góðan daginn, Jean,“ svaraði ég og lagði frá mér blaðið.

Fyrir miðju starfsmannaherberginu, upp við útvegginn, stóð stór járnkassi með loki. Hann var rúmur hálfur metri á hæð og rúmur metri á lengd og breidd; álíka stór og tveggja manna eldhúsbord, bara helmingi lægri. Upp úr kassanum lá síðan járnstokkur að opi á ofanverðum veggnum og í sundinu fyrir aftan bókasafnsbygginguna opnaðist stokkurinn í lúgu þar sem viðskiptavinir safnsins gátu skilað inn bókum eftir lokunartíma.



Það má ýmislegt finna í skilaboxum bókasafna – rusl, steina, snjókulur og gosdósir. En bókaverðir ræða ógjarnan um það því slíkt gæti kveikt alls konar hugmyndir hjá fólki en þetta er vandamál sem öll bókasöfn eiga við að etja. Myndbandaleigur trúlega ekki síður. Settu lúgu á vegg og þú býður hreinlega upp á vandræði, svo ekki sé talað um ef viðkomandi lúga opnast inn í fáfarið sund og unglingskóli bæjarins þar að auki handan götunnar. Þannig var það í okkar tilviki. Við höfum ósjaldan hrokkið í kút, um miðjan dag, við háværan hvell úr skilaboxinu og fundið síðan púðurkerlingar eða hvellhettur ofan í því.

Eftir helgar var skilaboxið oftast en ekki líka fullt af bókum og því tæmdi ég það á hverjum mánudagsmorgni og staflaði bókunum á einn af bókavögnunum okkar svo að starfsfólk safnsins gæti síðan skráð þær og raðað í hillur síðar um daginn. Þegar ég kom með vagninn inn í starfsmannaherbergið þennan tiltekna mánudagsmorgun stóð Jean grafkyrr og hljóð í miðju herberginu.

„Ég heyrði eitthvert hljóð.“

„Hvernig hljóð?“

„Úr skilaboxinu. Ég held það hafi verið dýr.“

„Hvað ertu að tala um?“

„Dýr. Ég held það sé dýr í skilaboxinu.“

Það var þá sem ég heyrði hljóðið, eins konar lágvært urg sem barst undan járnlokinu. Eins og dýr fannst mér það samt ekki hljóma, frekar eins og gamall maður að reyna að rækja sig. Sem ég efaðist þó stórlega um. Opið á stokknum var ekki nema í mesta lagi tíu sentimetra breitt og fyrir gamlan mann hefði það verið heldur þröngt. Þetta var dýr, ég efaðist ekki um það, en hvers konar? Ég kraup niður, lagði höndina ofan á lokið og vonaðist til að finna jarðikorna.

Það fyrsta sem ég fann var ískaldur vindgustur. Einhver hafði troðið bók inn um lúguna og skilið þannig við að hún stóð galopin. Inni í boxinu var jafn kalt og úti; jafnvel enn kaldara þar sem boxið



var járnklætt. Í því hefði mátt geyma frystivörur. Ég hafði varla náð að jafna mig þegar ég koma auga á kettlinginn.

Hann lá í hnipri, fremst í vinstra horninu og reyndi að láta eins lítið fara fyrir sér og hann gat; með höfuðið niður og fæturna dregna innundir sig. Í kringum hann lágu bækurnar í háum, óskipulögðum stöflum og skyggðu á hann að hluta. Ég fjarlægði eina þeirra gætilega til að sjá hann betur. Kettlingurinn lyfti höfðinu hægt, leit á mig sorgmæddu augnaráði, en lét síðan höfuðið síga niður aftur. Hann reyndi ekki að virðast harður af sér. Hann reyndi ekki að fela sig. Ég held hann hafi ekki einu sinni verið hræddur. Það eina sem hann vonaðist eftir var að honum yrði bjargað.

Ég veit að það hljómar klisjukennt en ég get samt ekki annað en sagt að á þessu augnabliki hafi ég bráðnað. Ég var algjörlega heilluð. Samt er ég hvorki væmin né viðkvæm manneskja. Ég er einstæð móðir, uppalin í sveit og hef gengið í gegnum erfið tímabil en þetta var einfaldlega svo, svo . . . óvænt.

Ég lyfti kettlingnum upp úr boxinu og hann hvarf nánast í fanginu á mér. Seinna komumst við að því að hann var átta vikna en hann leit ekki út fyrir að vera eldri en átta daga. Ef þá það. Hann var svo horaður að rifbeinin sköguðu út; ég fann hjartað í honum slá og lungun þenjast. Vesalings kettlingurinn var svo veikburða að hann hélt varla höfði og hann skalf óstjórnlega. Hann opnaði munninn en hljóðið sem hann gaf frá sér var hikandi, veikt og ræfilslegt.

Og hvað hann var kaldur. Það er mér minnisstæðast, ég trúði því varla að lifandi dýr gæti verið svona kalt. Hann var viðkomu eins og bókstaflega enginn varmi væri eftir í líkama hans. Ég þrýsti honum að mér til að verma hann. Hann veitti enga mótspyrnu, þess í stað hnipraði hann sig saman og lagði síðan höfuðið upp að brjósti mér.

„Jeminn eini,“ sagði Jean.

„Aumingjans dýrið,“ sagði ég og þrýsti honum enn betur að mér.

„Hann er yndislegur.“

Um stund sagði hvorug okkar nokkuð. Við stórðum bara á kett-



linginn. Að lokum spurði Jean: „Hvernig heldurðu að hann hafi komist ofan í boxið?“

En hugsanir mínar snerust ekki um gærkvöldið og hvað hafði hugsanlega gerst þá. Það eina sem komst að hjá mér var þetta augnablik. Það var of snemmt að hringja í dýralækninn, hann yrði ekki við fyrr en eftir klukkutíma. En kettlingurinn var svo kaldur. Jafnvel þótt hann lægi í hlýju fangi fann ég hvernig hann skalf.

„Við verðum að gera eitthvað,“ sagði ég.

Jean greip í flýti handklæði og inn í það vöfðum við honum þangað til ekkert sást annað en stór pinkill, lítið trýni og risastór augu sem störfu á okkur, full efasemda.

„Ég held við ættum að setja hann í hlýtt bað,“ sagði ég augnabliki síðar. „Kannski hann hætti þá að skjálfa.“

Ég fyllti vaskinn í starfsmannaherberginu af volgu vatni, athugaði hitastigið með olnbognum og hélt þétt um kettlinginn á meðan ég lét hann síga ofan í vatnið, stjarfan sem ísklump. Jean fann sjampóflösku í einum skápnum og ég nuddaði kettlinginn með hægum, ástúðlegum hreyfingum, nánast eins og ég væri að strjúka honum og gæla. Eftir því sem vatnið varð grárar dró úr skjálftanum í líkama hans og smám saman fór hann að mala værdarlega. Ég brosti. Þessi kettlingur var harður af sér. En afskaplega ungur. Þegar ég lyfti honum loks upp úr vaskinum leit hann út eins og nýfætt barn: risastór, galopin augu og stór eyru sem stóðu beint upp af litlu höfði og jafnvel enn smærri líkama. Blautur, varnarlaus og mjálmandi vesældarlega á móður sína.

Við þurrkuðum honum með hárblásara sem við vorum vanar að nota í föndurstundum til að þurrka lím. Áður en hálf mínúta var liðin hélt ég á fallegum, gulbröndóttum og pelsmiklum kettlingi. Fyrir baðið var hann svo skítugur að það hafði ekki hvarflað annað að mér en að hann væri grár á litinn.

Nú voru bæði Doris og Kim mættar til vinnu og þarna stóðum við allar fjórar í starfsmannaherberginu og hvísluðum blíðuorð yfir



kettlingnum. Átta hendur snertu hann og struku, að því er virtist, allar í einu. Samstarfskonur mínar töluðu hver í kapp við aðra á meðan ég stóð þögul og ruggaði kettlingnum eins og litlu barni í fanginu.

„Hvaðan kemur hann?“

„Úr skilaboxinu.“

„Nei!“

„Er þetta læða eða fress?“

Ég leit upp og sá að þær horfðu allar spyrjandi á mig. „Fress,“ svaraði ég.

„Hann er svo fallegur.“

„Hvað er hann gamall?“

„Hvernig komst hann ofan í boxið?“

Ég heyrði varla hvað þær sögðu. Ekkert komst að hjá mér annað en kettlingurinn.

„Það er svo kalt.“

„Ískalt.“

„Kaldasti morgunninn það sem af er árinu.“

Stutta stund ríkti þögn, síðan: „Einhver hlýtur að hafa stungið honum inn um lúguna.“

„Það er hræðilegt.“

„Kannski var einhver að reyna að bjarga honum. Úr kuldanum.“

„Ég veit ekki . . . hann er svo varnarlaus.“

„Hann er svo lítill.“

„Hann er svo fallegur. Ég er gjörsamlega hugfangin.“

Ég setti kettlinginn niður á borðið fyrir framan okkur. Vesalingurinn gat varla staðið. Þófarnir á öllum fjórum loppum voru kulnir, og á komandi viku áttu þeir eftir að hvítna og flagna. Samt tókst honum að gera nokkuð undravert. Hann náði jafnvægi á borðinu og leit síðan hægt á hverja okkar. Augnabliki síðar haltraði hann um og í hvert skipti sem ein okkar strauk honum malaði hann og nuddaði höfðinu upp við höndina sem gældi við hann. Hann virtist hafa





gleymt þeim ömurlegu atburðum sem höfðu átt sér stað á hans stuttu ævi. Og manneskjunni ótúktarlegu sem tróð honum ofan í skilabox bókasafnsins. Það var engu líkara en hann vildi frá þessu augnabliki þakka persónulega hverri manneskju sem hann hitti fyrir að bjarga lífi sínu.

Það var liðinn tæpur hálf tími frá því ég fann kettlinginn í skilaboxinu og ég hafði haft ágætis tíma til að velta nokkrum atriðum fyrir mér – þeirri eitt sinn algengu hefð að halda bókasafnsketti, staðfastri áætlun minni um að gera safnið meira aðlaðandi og vinalegra, skipulagsatriðum eins og ílátum, mat og kattaskít, og loks, traustinu í augum kettlingsins þegar hann hjúfraði sig upp að brjóstinu á mér og leit í augu mín. Ég var þess vegna meira en undir það búin þegar ein samstarfskvenna minna spurði loks: „Hvað eigum við eiginlega að gera við hann?“

„Ja,“ sagði ég, eins og ég hefði allt í einu fengið óvænta hugdettu, „kannski við gætum haldið honum.“

